



# MENNINGAR- OG FEGRUNARNEFND

## FUNDUR – 24. júlí 2006

Fyrsti fundur haldinn í menningar- og fegrunarnefnd mánudaginn 24. júlí 2006, kl: 16:30 á bæjarskrifstofu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

**1. Verkaskipting stjórnar.**

*Tillaga kom um Nínu Margréti Pálmadóttur sem formann. Samþykkt með tveimur. Einn á móti.*

**2. Erindi frá Þór Jakobssyni v. staðsetningar stytta af Veðurspámanninum.**

*Erindið er sent inn f.h. undirbúningshóps um afsteypu af styttni "Veðurspámanninum" eftir Ásmund Sveinsson. Bæjarstjórn hefur áður fjallað um málið og vísað því til menningar- og fegrunarnefndar. Er ætlunin að stytta verði reist til heiðurs Grími Gíslasyni, heiðursborgara. Greint frá því að afsteypa sé komin til landsins og að velja þurfi listaverkinu stað í bæjarfélaginu.*

*Umræður urðu um málið. Menningar- og fegrunarnefnd felur bæjarstjóra að ræða við undirbúningshóp um þær hugmyndir um staðsetningu sem ræddar voru á fundinum.*

**3. Umhverfisverðlaun 2006.**

*Ákveðið að nefndin fari í skoðunarferð og að umhverfisverðlaun verði veitt í lok ágúst.*

**4. Önnur mál.**

*Nefndin leggur til að keyptir verði útibekkir og ruslafötur við ósa Blöndu og á sandinn við Brimslóð.*

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:20.

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

*Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)  
Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)  
Þórhallur Barðason (sign.)*